



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarfundi vegna
aldarafmælis lagasetningar
um skógrækt og landgræðslu
Kópavogi
23. nóvember 2007**

Forseti Alþingis
Virðulegi ráðherra
Heiðruðu samkomugestir

Þegar við erum samankomin til að minnast þessara merku tímamóta er okkur ofarlega í huga að náttúran, landið, fegurð þess og margbreytileiki hafa verið samofin sjálfsvitund þjóðarinnar.

Ísland beið í aldir, árpúsund, eftir landnámsmönnum, skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Þeir klæddu það í búning nafna, skírðu fljót og firði, fjöll og hæðir, vötn og víkur.

Sé Landnáma notuð sem ferðalýsing sést í sérhverjum áfangastað að hér voru komnir fagurkerar sem völdu sér einatt hina fegurstu staði, kusu einstaka umgjörð fjalla og dala, víða sýn til allra átta, græna bala, gróðurlendi, nytjaskóg í nágrenninu.

Sú mynd landsins sem sögurnar geyma varð órjúfanlegur hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar, í ljóðum skálda sígildur spegill, svo samgróin íslenskri menningu að erfitt er að skilja þar á milli; smáblómin, foldarskart, Ísland náttúrunnar sem Jónas Hallgrímsson færði okkur og svo áfram sporgöngumenn hans ágætir, sú skáldafjöld.

Í hugum þjóðarinnar skartar landið ætíð sínu fegursta, svo mjög að hinu höldum við lítt á lofti að stór hluti Íslands varð í aldanna rás að eyðimörk, bæði af völdum manna og vegna hamfara náttúrunnar uns við blasti sú hin stærsta í gjörvallri Evrópu; svartir sandar, uppblástur og vindskafnir melar; skógurinn horfinn að mestu leyti; jafnvel hríslur og kjarr áttu í vök að verjast.

Þá var það fyrir hundrað árum að hugsjónamenn töldu nauðsynlegt að hefja andóf, baráttu og viðnám sem í fyrstu var máttlítil vörn en breyttist fljótt í sóknarleik. Elja þeirra sem hófu verkið varð í fyllingu tímans efniviður í þjóðaráttak.

Íslendingar hafa lengur en aðrir unnið skipulega að því að klæða landið nýjum gróðri, skapa grænar lendur, planta trjám, láta auðnina hopa. Í heila öld hefur landgræðsla og skógrækt búið að sérstökum lögum og átt hér formlegan vettvang. Það er einstakt í veröldinni.

Engin önnur þjóð á svo langa sögu kerfisbundinnar baráttu og vísindastarfs á þessum sviðum. Við höfum náð árangri sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, er merkilegur vegna þess hve faglega var að verki staðið og hvernig fólkið í landinu, fjöldasamtök, heilar byggðir hafa orðið virkir þátttakendur.

Landgræðsla og skógrækt á Íslandi studdust við lýðræðislega fjöldahreyfingu því forystumenn tóku höndum saman við almenning. Sú saga vekur nú forvitni langt út fyrir landsteinana.

Þegar Alþingi samþykkti fyrir hundrað árum framsýn lög um landgræðslu og skógrækt voru hugsjónir sjálfstæðisbaráttunnar heitar í brjóstum manna, löngunin til að klæða landið í nýjan búning réði för, þjóðarstoltið knúði á um að þau spjöll yrðu bætt sem atgangur fyrri kynslóða og hamfarir náttúrunnar hafði valdið.

Sú framsýni getur nú orðið okkur fyrirmynd um leið og við minnumst með þakklæti allra þeirra sem í hundrað ár hafa lagt hönd á plóginn, þúsundanna sem með framlagi sínu hafa gefið Íslendingum einstakt tækifæri til að láta á komandi árum að sér kveða í veröldinni.

Heimsbyggðin glímir á árdaga þessarar aldar við nýja ógn, breytingar á loftslaginu sem skapað geta stórfelldara tjón en áður hefur þekkt, lagt í rúst lífshættina sem tíðkast víða um veröld. Því er borin fram með sífellt meiri þunga sú brýna spurning: Hvað er til ráða?

Við leit að svörum beinist athyglin í vaxandi mæli að vörninni sem skipulögð landgræðsla og skógrækt geta veitt, að viðnáminu sem nýjar gróðurlendur skapa. Þess vegna er reynsla Íslendinga orðin verðmæt auðlind, fjársjóður sem forystufólk og fræðimenn víða um heim vilja nýta sér, burðarás í framlagi Íslands til örlagaríkustu baráttu sem mannkynið hefur háð, björgunarstarfs sem aftrað getur skaðvænlegum breytingum á loftslaginu.

Það er í senn ánægjuefni og vitnisburður um hinn mikla árangur sem skógræktarfolk og sáðmenn íslenskra sanda hafa náð að á þessum tímamótum skuli fjölmenn alþjóðleg sveit vilja slást með okkur í för, læra

af reynslu Íslendinga, nýta sér í fjarlægum álfum árangur okkar; ekki aðeins þekkinguna sem rannsóknir sérfræðinga hafa skapað heldur líka hvernig tekist hefur að gera baráttuna að sameign þjóðar, að fjöldahreyfingu sem óx og styrktist uns landgræðsla og skógrækt áttu traustar og lýðræðislegar rætur meðal fólksins.

Við höfum í hundrað ár safnað í einstaka reynslusjóð og því yrði það vegleg afmælisgjöf og heiðursvottur gagnvart kynslóðunum sem hófu verkið, ef við kappkostum á komandi árum að auðvelda allri heimsbyggðinni að tileinka sér þekkingu, lærdóma og aðferðir sem Íslendingar hafa skapað.